

Nd.

762. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um frv. þetta. Meiri hl. n. vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en við teljum ástæðu til að breyta því eða fella það. Í frumvarpi þessu eru ákvæði um að lækka framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs úr $\frac{1}{3}$ í $\frac{1}{4}$ af framlögum útvegsmanna. Árið 1962 var dregið úr þessu hlutfalli, framlag útvegsmanna hækkað, en framlag ríkissjóðs lækkað úr hálfum í einn þriðja, miðað við framlag útvegsmanna. Tilgangurinn með þessu frv. er að sjálfsögðu sá að draga úr útgjöldum ríkisins. Vel er, að ríkisstj. sér, að þau eru of há, og væri betur, ef hún hefði fyrr komið auga á það. Hins vegar eru það nær einu ráðstafanirnar, sem stjórnin gerir til að draga úr útgjöldum, að lækka framlag ríkisins til aflatryggingasjóðs og fiskveiðasjóðs. Jafnframt lofar stjórnin því munnlega að útvega þessum sjóðum fé, ef með þarf, til þess að þeir geti innt af hendi hlutverk sitt. Fé hefur eigi safnast í aflatryggingasjóð undanfarin ár. Vetrarvertíð hefur verið góð víðast hvar í ár, þó hefur afli verið litill á Breiðafirði. Fljótræði er að draga endanlega ályktun af afla tveggja til þriggja mánaða. Litlar líkur eru til, að síldarvertíð verði jákvæð, og haustvertíð er óviss. Með tilliti til loforðs ríkisstjórnarinnar um útvegum fjár, ef með þarf, virðist því eigi vera um raunhæfan sparnað að ræða.

Í frumvarpinu eru ákvæði um að taka 1% af útflutningsverðmæti sjávarafla og leggja í áhafnadeild hjá aflatryggingasjóði. Deildin endurgreiðir svo þetta fé upp í fæðiskostnað lögskráningarskyldra sjómanna, sem þýðir það, að sjómenn á bátum innan við 12 tonn fá enga greiðslu upp í fæðiskostnað. Eigi er ólíklegt, að það ákvæði valdi óánægju, og oft er reynt að misnota styrki og endurgreiðslur. Útvegurinn þarf þegar að greiða í yfir 20 sjóði og stofnanir. Nú á að bæta þessum fæðissjóði við. Frekar væri þörf að fækka en fjölga þessum útgjaldaliðum, en á því virðast of fáir hafa áhuga. Réttlátara og einfaldara væri a. m. k., þegar til lengdar lætur, að hver útvegsmaður greiddi fæðiskostnað sjómanna af óskiptum afla hvers báts. Það kemur hvort sem er í hlut þeirra, beint eða óbeint, í framtíðinni, en væri réttlátara og fyrirhafnarminna en að fást við þessa sjóðsstofnun.

Að þessu athuguðu sjáum við ekki ástæðu til að vera með frumvarpinu.

Alþingi, 14. maí 1969.

Björn Pálsson, Jón Skaftason.
frsm.